



Félag húsbílaeigenda

stofnað 27.08.1983

Stóraferð 11. - 20. júlí 2025

Lýsuhóll – Stykkishólmur – Grundarfjörður - Ólafsvík



Verð fyrir Stóruferð er 9.000 kr. á manninn. Síðasti greiðsludagur er 9. júlí. Ekki verður hægt að greiða á staðnum og því miður verðum við að hafa fyrstur kemur fyrstur fær vegna takmarkaðs pláss á tjaldsvæðinu í Ólafsvík.


Vinsamlegast greiðið inn á 0143-26-200073 kt. 681290-1099.

Innifalið í verðinu er tveggja rétta veislumatur, skemmtun og dansleikur á lokakvöldinu í Ólafsvík ásamt tjaldstæði í 3 nætur. Rafmagn 1.000 kr. á sólarhring er ekki innifalið.

Á hinum áfangastöðunum okkar greiðir hver og einn fyrir sig á tjaldsvæðunum.

Vegna góðrar fjárhagsstöðu félagsins þá sér félagið sér fært um að niðurgreiða verulegan kostnað vegna ferðarinnar 😊

Margir ferðavagnar eru byggðir úr efnum sem brenna auðveldlega svo þeir verða alelda á skammri stundu. Komi upp eldur í ferðavagni er mikilvægt að hægt sé að draga burtu þá ferðavagna sem næstir eru. Því þarf að snúa vögnunum þannig að beislið snúi út að veginum.



Bílum skal lagt þannig að auðvelt sé að aka þeim í burtu.

Mjög mikilvægt er að hafa í huga varðandi tjaldstæðin að við leggjum húsbílunum þannig að bílar geti fyrirvaralaust yfirgefið svæðið án vandræða. Ferðanefnd mun aðstoða við röðun og áskilur sér þann rétt að biðja fólk um að færa bíla sína ef þörf krefur.

Við höldum áfram að vanda okkur við að leggja bílunum okkar eins og við höfum gert. Við kunnum þetta öll 😊

Þar sem það á við þá gefum við ferðanefnd tækifæri til að mæta fyrst á svæðið. Fylgist endilega með komutímum á facebook síðu félagsins.

Góða ferð

Kveðja ferðanefnd.



11. - 13. júlí Lysuhóll

Lysuhóll er bær í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þar er starfræktur skóli og félagsheimili. Á Lysuhóli er jarðhiti og er sundlaugin þar hituð upp með náttúrulegu

heitu ölkelduvatni beint úr jörðu. Um er að ræða grænþörungslaug og er vatnið mjög steinefnaríkt og talið afar hollt og græðandi. Borað var eftir vatni þar árin 1946 og 1963 og hefur ölkelduvatnið á Lysuhóli verið sett í sölu á almennum markaði í neytendaumbúðum. Jarðhitinn, laugin og ölkelduvatnið eru þekkt frá fornu fari og langt síðan að laugin var fyrst notuð til baða. Var þá byggt yfir hana baðhús sem nú er löngu horfið, en þróin þar sem baðkerið var sést þar enn. Gamla laugin og kalkútfellingar þar hjá eru á náttúruminjaskrá, ásamt hallamýri ofan þeirra, hvar er óvenjulegt gróðurfar og sjaldséðar jurtir.

Á Lysuhóli höfum við aðgang að félagsheimilinu sem félagið mun greiða fyrir yfir helgina. Þar er eldhús, matsalur, salur og klósett. Rafmagnskassi úti við plan og tvær vinnutöflur til að framlengja. Seyrulosun og vatn er á staðnum.

Tjaldsvæðið opnar kl. 12:00 á föstudeginum 11. júlí. Við erum með félagsheimilið í leigu frá föstudegi til sunnudags.

Verð pr. mann pr. sólarhring er 1.000 kr.

Rafmagn 500 kr.

Dagskrá:

Föstudagur 11. júlí

21:00 Hittumst í félagsheimilinu og skemmtum okkur við spjall og söng. Vonandi eru einhverjir með hljóðfæri með sér og tilbúnir að spila fyrir okkur.

Salurinn lokar kl. 24:00.

Laugardagur 12. júlí

12:00 - 13:00 Mætum upp í hús og greiðum fyrir tjaldstæðið.

13:00 Gönguferð

15:00 Pálínuboð

16:00 Bingó

20:30 Setning Stóruferðar. Farið verður yfir nokkur atriði ferðarinnar. Söngbókin tekin fram og sungin nokkur lög. Félagar eru hvattir til að koma með hljóðfærin sín og taka þátt.

Sunnudagur 13. júlí

Brottfarardagur 62 km á næsta stað.

Förum varlega í umferðinni og njótum.



13 - 15. júlí Stykkishólmur

Í Stykkishólmi er íbúafjöldi tæplega 1300. Tjaldsvæðið er á hægri hönd þegar komið er inn í bæinn. Stutt er í alla þjónustu, verslun, bakarí, bensínstöð og sundlaug sem er í göngufæri frá svæðinu (5 mín). 9 holu golfvöllur er staðsettur við hliðina á tjaldsvæðinu þar sem hægt er að leigja golfkylfur. Afgreiðsla fyrir svæðið er í golfskála golfklúbbsins Mostra, sem staðsettur er fyrir innan tjaldsvæðið. Á tjaldsvæðinu eru 2 útisturtur, útivaskar, þvottavél og þurrkari. Það er seyrulosun á staðnum. Hér ætlum við að vera tvær nætur.

Verð á tjaldsvæði:	Fullorðnir	1.600 kr. pr. mann pr. sólarhring
	Ellil./öryrkjar	1.100 kr. pr. mann pr. sólarhring
	Rafmagn	1.100 kr. pr. sólarhring
	TILBOÐ: Tvær nætur 2.500 pr. mann	

Dagskrá:

Sunnudagur 13. júlí

21:00 Ratleikur. Rölt á milli bíla, leikur sem allir geta tekið þátt í.

Mánudagur 14. júlí

17:00 - 18:00 Skráning í Bjórleikinn. Fyrir þá sem vilja taka þátt er einn bjór pr. bíl skilað í pottinn. Afhendist skemmtinefndinni á staðnum.

21:00 Dregið í Bjórleiknum og Keila.

Þriðjudagur 15. júlí

Brottfarardagur 38 km. á næsta stað. Fáum okkur bíltúr og skoðum eitthvað skemmtilegt á leið okkar á næsta tjaldsvæði.



15 - 17. júlí Grundarfjörður

Tjaldsvæði Grundarfjarðar er staðsett í ofanverðum jaðri bæjarins með einstakt útsýni hvort sem er til sjávar eða fjallgarðsins. Rétt við tjaldsvæðið er sundlaug þar sem hægt er að komast í sturtu gegn gjaldi. Þar er einnig nýr frísbíggjöllur. Grundarfjörður er rómaður fyrir lognstillu á kvöldin þar sem kvöldsólin nýtur sín til hins ýtrasta.

Hér ætlum við að vera í tvær nætur. Tjaldsvæðinu er skipt upp í nokkur minni svæði þar sem hver og einn gestur getur fundið náttstað við sitt hæfi. Á tveimur stærstu svæðunum eru klósett með aðgengi fyrir fatlaða.

Seyrulosun og vatn er á staðnum.

Verð á tjaldsvæði:	Fullorðnir:	1.800 pr. mann pr. sólarhring
	Ellil./öryrkjar:	1.300 pr. mann pr. sólarhring
	Rafmagn:	1.300 pr. sólarhring

Útilegukortið gildir á þessu tjaldsvæði

Dagskrá:

Þriðjudagur 15. júlí

Ferðadagur.

Miðvikudagur 16. júlí

13:00 Gönguferð.

21:00 Olympíuleikar.

Fimmtudagur 17 júlí

Ferðadagur 25 km. á næsta stað. Stutt á milli staða og um að gera taka sér tíma, skoða sig um og njóta.



17. - 20. júlí Ólafsvík

Hér ætlum við að vera í þrjár nætur. Lokahóf verður haldið í félagsheimilinu Klifi. Tjaldsvæði Ólafsvíkur er við austari enda bæjarins. Þar er þjónustuhús með eldunaraðstöðu, vaskarými, klósettum og sturtu. Á tjaldsvæðinu geta verið um 30 bílar. Rafmagnstenglar eru 20. Á planinu við félagsheimilið Klif, þar sem lokahófið fer fram, geta verið 40 - 50 bílar. Þar er ekkert rafmagn í boði. Einungis 8 mín ganga er á milli tjaldsvæðis og félagsheimilis.

Eins og venjulega þá látum við þá félagasem eiga erfitt með gang og nauðsynlega þurfa rafmagn ganga fyrir. Ferðanefnd mun af bestu getu aðstoða þá sem eru í forgangi og við treystum líka á aðstoð ykkar.

Dagskrá:

Föstudagur 17. júlí

13:00 Markaður í félagsheimilinu. Skemmtinefndin verður með sölu á happdrættismiðum. Ferðanefndin merkir þá sem hafa greitt sem gildir sem aðgangur inná ballið. **Mjög mikilvægt er að allir komi við hjá ferðanefndinni.**

16:00 Félagsvist.

21:00 Dregið úr réttum lausnum í ratleiknum. Verðlaun veitt fyrir félagsvist. Sungið og trallað fram eftir kvöldi.

Húsið lokar kl. 24:00.

Laugardagur 19. júlí

17:00 Skreyta borðin. Stjórnin verður búin að raða í sæti eftir bestu getu samkvæmt ykkar óskum. Listar með borðskipulaginu verða hengdir upp.

19:00 Lokahóf. Húsið opnar kl. 18:30 og borðhald hefst kl. 19:00. Á meðan á borðhaldi stendur verður dregið í happdrættinu og verðlaun veitt fyrir Olympíuleikana. Að loknu borðhaldi mun hljómsveitin Parma frá Snæfellsbæ leika fyrir dansi.

Húsið lokar klukkutíma eftir að dansleik lýkur.

Sunnudagur 20. júlí Heimferðadagur.

Við óskum eftir að sitja saman til borðs á lokahófinu laugardaginn 19. júlí í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík.

Borðin eru 4,6,8 og 10 manna. Vinsamlegast hafið það í huga og við gerum okkar besta til að verða að óskum ykkar.

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Nafn: _____ Nr: _____

Vinsamlegast skilið miðanum í póstkassann sem er í félagsheimilinu ekki síðar en föstudaginn 18. júlí.